



Stjórn SSH 364. fundur

Mánudaginn 4. júlí 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir formaður, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Guðrún Pálsdóttir, Jón Gnarr Kristinsson og Pálmi Másson. Guðný Ívarsdóttir boðaði forföll

Ennfremur sat fundinn Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH.
Unnur V. Ingólfssdóttir sat fundinn undir 1. dagskrárlið
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samráðshópur v. þjónustu við fatlað fólk

Fyrir lá greinargerð vegna vinnu og verkefna samráðshóps SSH v. þjónustu við fatlað fólk. Unnur V. Ingólfssdóttir fór yfir helstu þætti í samantektinni og gerði ennfremur grein fyrir 3 tillögum til stjórnar SSH sem þar koma fram:

- a. Lagt er til að stjórn SSH samþykki að leggja til við bæjarstjórnir Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og sveitarfélagsins Álftaness að samþykkja framlögð drög að verklagsreglum mats- og inntökuteymis og yfirlit yfir verklag.
- b. Lagt er til að stjórn SSH samþykki að leggja til við aðildarsveitarfélögin að veita fjármagn, allt að 1,5 milljón króna til ráðningar sérfræðings kynningarmála í sex mánuði til að vinna að framkvæmd greinar nr. 4.1.1
- c. Lagt er til að stjórn SSH samþykki að leggja til við aðildarsveitarfélögin að veita fjármagn, allt að 1,5 milljón króna til ráðningar verkefnastjóra í sex mánuði til að vinna að framkvæmd verkefna samkvæmt greinum 4.1.2, 4.1.3 og 4.1.4

Umræður

Niðurstaða.

- a) Stjórn SSH fellst á tillögu samráðshópsins vegna matsteymis og leggur til við aðildarsveitarfélögin að samþykkja það fyrirkomulag sem í tillögunni felst.
- b) Stjórn SSH telur eðlilegt að skoðað verði hvort unnt er að leysa verkefnið með samstarfi upplýsinga- og kynningarfulltrúa sveitarfélaganna, og felur framkvæmdastjóra að kalla þann hóp saman til fundar vegna málsins.



- c) Stjórn SSH fellst fyrir sitt leyti á tillögu um ráðningu verkefnastjóra í allt að 6 mánuði, enda greiði aðildarsveitarfélögin kostnað vegna þessa í samræmi við ákvæði samnings um samtarf sveitarfélaganna v. þjónustu við fatlaða.

2. Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu – aðkoma ríkisvaldsins.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins dags. 29. júní 2009, ásamt samantekt frá verkefnahópi 8 v. almenningssamgangna.

DBE reifaði málið sem snýst í meginatriðum um tillögu starfshóps innanríkisráðuneytisins um mögulega aukna aðkomu ríkisvaldsins að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með 1 milljarðs framlagi árlega í 10 ár. Áskilið er að á móti fallist sveitarfélögin á að skerða ekki sín núverandi framlög til almenningssamgangna og að sátt náist um frestun á vegaframkvæmdum á svæðinu skv. nánara samkomulagi.

Í minnisblaði framkvæmdastjóra kemur fram að óskað hefur verið eftir því að SSH, í umboði aðildarsveitarfélaganna gangi frá viljayfirlýsingu um að vinna frekar að þessu máli, m.a. með gerða samningsdraga þar sem meginþættir þess verði frekar skilgreindir.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur þessar hugmyndir áhugaverðar og samþykkir að leggja eftirfarandi til við aðildarsveitarfélögin:

- a) Sveitarfélögin veiti SSH umboð til undirritunar „*Viljayfirlýsingar ríkis og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna*“
- b) Stjórn SSH annist samningaviðræður á grundvelli viljayfirlýsingarinnar og leggi samningsdrög fyrir aðildarsveitarfélögin til afgreiðslu og staðfestingar.

3. SÁÁ – beiðni um fjárhagslega aðkomu sveitarfélaga að rekstri.

Fyrir lá erindi vegna ofangreinds frá formanni stjórnar SÁÁ, þar sem m.a. er vísað í núverandi samninga samtakanna við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ.

Umræður

Niðurstaða:

Málið verður skoðað frekar og rætt á næsta fundi stjórnar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því að formaður SÁÁ mæti við viðræðna við stjórn þegar málið verður aftur tekið til umfjöllunar.

4. Frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga – umsögn um fjármálakafla frumvarpsins

Lögð fram umsögn fjármálastjóra sveitarfélaganna vegna ofangreinds.

Niðurstaða:

Gert er ráð fyrir að stjórn fjalli sérstaklega um frumvarpið í haust, og hafi þá umsögn fjármálastjórnanna til hliðsjónar í þeirri vinnu.



5. Erindi frá Kópavogsbæ:

- a) Bókun bæjarráðs Kópavogs frá 20. júní sl. vegna boðaðs verkfalls leikskólakennara.
- lagt fram
- b) Bókun framkvæmdaráðs Kópavogs vegna breytinga á viðhalds- og þjónustusamningum (þéttbýlissamningum) Vegagerðarinnar
- Samþykkt að kalla eftir sérstökum fundi í haust með vegamálastjóra og ráðuneytisstjóra innan ríkisráðuneytis vegna málsins.
- c) Erindi frá framkvæmdasviði Kópavogsbæjar – beiðni um heimild til að fjarlægja úreltan hluta „höfuðborgargirðingarinnar“ sunnan Suðurlandsvegur.
- Samþykkt með vísun í upplýsingar framkvæmdastjóra á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að skoða með bréfitara áætlaðan kostnað vegna flutnings og förgunar.

6. Önnur mál.

- a) **Kostnaðarþátttaka sveitarfélaganna vegna kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Formaður vakti máls á þessum dagskrárlið og þörf á að farið verði yfir forsendur sérstakra greiðslna vegna þjónustu kjarasviðsins.
- Samþykkt að kalla eftir greinargerð frá Sambandinu vegna málsins.
- b) **Mál vegna framtíðarhóps SSH**
Framkvæmdastjóri lagði fram 2 mál undir þessum dagskrárlið:
 - i. Lokaskýrslu rýnihóps SSH vegna rekstrar- og fjárhagsúttektar á byggðasamlögunum.
 - ii. Minnisblað frá verkefnahópi 20; Atvinnustefna, þar sem sett er fram tillagau um að hafist verði handa við gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið til samræmis við sóknaráætlun fyrir Ísland.
- Samþykkt að kynna tillöguna fyrir bæjarráðum sveitarfélaganna, og að framtíðarhópur SSH skoði málið að öðru leyti.
- c) **Málefni Strætó bs. og Álfтанess**
Pálmi Músson spurðist fyrir um stöðu á afgreiðslu erindis SSH til borgarráðs og bæjrráða í framhaldi af samþykkt undir 1. lið á síðasta stjórnarfund.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00